

Umhverfisstofnun
Áb.
14 MARS 2008
54.50
Tilv. UST 20080200199



**UST**

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

✆ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 2008  
Tilvísun: UST20080200199/bs

### Vatnsveituframkvæmdir í Snæfellsbæ

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 27. febrúar sl. þar sem óskað er á líts Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun óskar frekari skýringa varðandi eftirafarandi atriði:

1. Er mögulegt að taka einungis vatn úr lindum austan við austustu hrauntungu Skarðshrauns? Er mögulegt að taka vatn með öðrum hætti t.d. úr borholum sem fæli í sér að ekki þyrfti að raska austustu hrauntungu Skarðshrauns? Umhverfisstofnun vill vekja athygli á því að eldhraun njóta sérstakrar verndar skv. 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Allar framkvæmdir í hrauninu munu valda óafturkræfum og neikvæðum áhrifum. Fyrirhuguð framkvæmd er innan svæðis nr. 223 á náttúrumínjaskrá. Verndargildi þess svæðis er m.a. talið felast í eldstöðvum og hrauni frá nútíma.
2. Gera ætti grein fyrir hvar efni til slóðagerðar verður tekið og hvað átt er við með viðurkenndum námum. Einnig vantar upplýsingar um efnismagn..

Virðingarfyllst  
  
 Björn Stefánsson

Guðríður Þorvarðardóttir